

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Orkuspárnefnd 2002-03  
**Fundartími:** Föstudagur 27. september 2002 kl. 13:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9

**Fundarefni:**

- 1) Nýir aðilar í nefndina.
- 2) Störf raforkuhóps.
- 3) Raforkunotkun fyrri helmingi ársins.
- 4) Almennar forsendur orkuspár.
- 5) Fyrirspurn til rforkuhóps.
- 6) Störf jarðvarmahóps.
- 7) Störf eldsneytishóps og tölur um eldsneytisnotkun.
- 8) Er ástæða til að endurreikna eldsneytisspána?.
- 9) Önnur mál.

---

**Fundinn sátu:**

**Orkuspárnefnd:** Magnús Magnússon  
Þorkell Helgason  
Edvard G. Guðnason

**Verkfræðistofan Afl:** Jón Vilhjálmsson

**Orkustofnun:** Árni Ragnarsson

- 1) JV sagði að Bolli Þór Bollason frá Efnahagsskrifstofu Fjármálaráðuneytisins hefði ætlað að kom á fundinn en hefði síðan ekki komist. Þeir hafa áhug á að taka þátt í þessu starfi. Fundarmenn voru sammála um að bjóða þeim þátttöku í starfinu.
- 2) JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps þar sem fram kemur að hópurinn hefur haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Söfnun gagna síðasta árs er lokið. ÞH spurði hvort þörf væri á að endurreikna raforkuspána á hverju ári. EGG taldi að þörf væri á því og þegar hægir á stóriðjuuppbyggingu væri það mikilvægt. MM benti á að Hagstofa Íslands fengi öll gögn um orkunotkun frá Orkustofnun en safnaði engu sjálf en reynsla hennar gætis nýst við þessa söfnun. ÞH lagði til að Orkustofnun og Hagstofa Íslands héldu samráðsfund um þetta og var MM og ÁR falið að koma slíkum fundi á.
- 3) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 7,2% á fyrri helmingi ársins. Flutningstöp hafa aukist um 10,9% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 4,1%. Stórnotkun vex um 8,9% og almenn notkun með notkun

Landsvirkjunar vex um 4,1%. Sala á ótryggðri orku eykst um 9,3%. JV fór þá yfir töflur um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrri hluti ársins var hlýrri en í meðalári og hlýrri en síðasta ár. Aukning notkunar eykst því við hitastigleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku eykst um 3,4% á fyrri hluta ársins. JV sagði að þetta teldist nokkuð mikil aukning sérstaklega á tíma þegar hagvöxtur er lítill.

- 4) JV sagði að vinna væri í gangi við að uppfæra almennar forsendur orkuspáa. Þjóðhagsáætlun væri væntanleg frá Efnahagsskrifstofu Fjármálaráðuenytis í næstu viku.
- 5) JV sagði að raforkuhópur hefði fjallað um fyrirspurn nefndarinnar frá síðasta fundi varðandi söfnun gagna um raforkunotkun eftir notkunarflokkum. Hópurinn teldi best að dreifiveiturnar sæu um þetta. JV sagðist hafa komið þessu á framfæri við Guðmund Valsson sem er að vinna að reglugerðum varðandi raforkulagafrumvarp og hefði hann sett eina setningu um þetta þar inn. MM benti á tengingu notkunarflokka við atvinnugreinaflokkun og að hugsanlega væri hægt að tengja saman atvinnugreinar fyrirtækja samkvæmt skattframtali og raforkunotkun og greina hana á þann hátt niður á atvinnustarfsemi.
- 6) ÁR sagði að einn fundur hefði verið haldinn í jarðvarmahópi. Gögn um síðasta ár hafa ekki borist frá öllum hitaveitum og þau gögn því ekki tilbúinn. JV sagðist vera að vinna að endurreikningi almennra forsendna og mundi þá vera teknar inn forsendur varðandi jarðvarmaspána. Unnið er að endurreikningi á húshitunarspá en þar vantar gögn um hitaveitur á síðasta ári.
- 7) JV dreifði einu blaði um störf eldsneytishóps. Hópurinn hefur haldið einn fund til að fara yfir gögn síðasta árs. Gögnin eru frágengin og komin á heimasíðu nefndarinnar.
- 8) Rætt var um endurreikning eldsneytisspár. ÞH taldi að hann ætti að mæta afgangi þar sem Jarðvarmaspáin ætti að hafa forgang

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 8. nóvember 2002 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 27. september 2002. Raforkuhópur Orkuspárnefndar. (JV)
- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 27. september 2002. Eldsneytishópur Orkuspárnefndar. (JV)

Sýnt var á netinu:

- Raforkunotkun 2002, fyrri helmingur ársins.
- Viðaukar 1, 2, 3 og 5 í endurreknaðri raforkuspá 2002-2025.

- Eldsneytisnotkun 1985-2001.